

## Hvar eru Íslendingarnir?

Ein Podcast über die Gentrifizierung von Reykjavík, Touristenströme und ausländische Arbeitskräfte.

Peter:

Hvernig fannst þér Reykjavík, Lise?

Lise:

Ferðin var góð, en ég hitti ekki marga Íslendinga. Ég vildi til dæmis drekka kaffi og keypti það á kaffihúsi. Pantaði á íslensku. „I don't speak Icelandic“, var standardsvarið. Það eru ekki margir Íslendingar í heiminum. Rúmlega 300 000 eða þar um bil. Og leiðsögumaðurinn okkar sagði að yfir tvær milljónir túrista heimsæki Ísland hvert ár. Það er ekki í jafnvægi. Ég hélt, að margir útlendingar ynnu einmitt í ferðaatvinnagreininni, og við hittum þess vegna útlendinga frekar en Íslendinga þegar við erum jú einmitt túristar.

Peter:

Oftast gera erlendir starfsmenn það sem innlent fólk vill ekki gera sjálft. Kannski vilja Íslendingar ekki hitta ferðamenn. Ég er ekki hissa að við hittum bara fáa Íslendinga í miðbænum. Reykjavík er með sama vandamál og margar borgir. Leigan í miðbænum er orðin svo há að margir verða að flytja til annarra borgarluta. Bara ríkt fólk hefur ráð á að búa miðsvæðis og margar íbúðir eru leigðar ferðamönnum í stuttan tíma í einu af því að það er ábatasamara en að leigja til lengri tíma.

Í Berlin eru aðstæðurnar álíka en samt ekki sambærilegar af því að stærð borganna er svo ólík. En Berlin gerir eitthvað, sem væri líka gott fyrir Reykjavík. Borgin fjárfestir í hagstæðum íbúðum. Hún kaupir byggingar og leigir út íbúðirnar í þeim ódýrari en þær eru venjulega. Takmarkið er að það sé eftir sem áður hægt að búa í miðbænum, líka fyrir fólk sem græðir lítið eða meira að segja er háð ríkisreknum stuðningi. En því miður er eftirspurnin miklu stærri en framboðið.

En satt að segja veit ég ekki hvort það er gert eitthvað álíka í Reykjavík.

Lise:

Það er ekki svo mikill mismunur í sveitinni. Jafnvel í sveitinni eru til staðir með bara einni bensinstöð og ekki neinu öðru. En konan sem vinnur þar, talar ekki íslensku. Hver eru

Íslendingarnir? Það þýðir líka að allir sem eiga heima þar, hvort sem þeir eru ungir eða aldnir, þurfa að kunna að tala ensku.

Peter:

Almennt séð hef ég ekkert á móti því að allir tali ensku sem sameiginlegt tungumál, en það er auðvitað leitt að maður geti hvergi heyrt íslensku, meira að segja í verslunum í miðbænum. Búðareigendur standa annars líka frammi fyrir alvarlegu vandamáli. Án heimamanna, sem búa í miðbænum, er ekki eftirspurn eftir ákveðnum vörum. Ferðamenn þarfnast ekki húsgagna eða eldhústækja. Þeir kaupa sér útvistarfatnað og ullarvörur, minjagrip í formi bolla eða boli. Og þeir borða og drekka. En líka fyrir veitingahúsabransann er það oft erfitt. Til að geta greitt leiguna og samt grætt er nauðsynlegt að vera með góða veltu, og fyrirtæki sem eru ekki lengur rekstrarhæf verða að flytja eða loka.

Lise:

Hvað halda Íslendingarnir sjálfir um þennan straum af millistéttafólki í útvistarfötum sem eru mánaðarlauna virði? Þjófnað þeir þá velkomna eða eru túristarnir of margir?

Peter:

Ég veit það ekki. Margir Íslendingar hagnast á túristunum en ég held að flestum finnist þetta of mikið. Sem betur fer vorum við ekki túristar heldur nemendur í námsferð.

Lise:

Já, þetta er smá þínlegt, en ég var á hvalaskoðun. Afsökun mín er að þetta var eini möguleikinn að sjá Akureyri og Reykjavík frá hafinu. Ísland er jú núna enn þá ey. Ég vildi sjá eyna og bæinn með eigin augum. Báturinn var notaður á Íslandi í þúsund ár, meðan bílinn kannski í sjötíu, áttatíu?. Skiptir engu, okkur langaði að fara með skipi og við keyptum miða.

En við vorum ekki ein. Skipið var fullt af fólki, en bara útlendingum. Leiðsögumaður hét Rodrigo og hafði spænskan framburð. Líffræðingur var frá Póllandi og hét Eva. Ég talaði við hana, og hún hafði búið í mörg ár í Reykjavík, en hún skildi ekki neitt á íslensku. Hún hélt, að það væri betri að læra íslensku í útlöndum, því að á Íslandi töluðu allir ensku við hana.

Peter:

Eins og í Svíþjóð. En þegar maður segir að maður vilji tala þjóðtunguna hættir fólk að tala ensku.

Lise:

Einmitt. Á skipinu hvarflaði það að mér, að ég skil ekki hvað ferðafólkið eiginlega vill. Ég er á stími. Náttúran er afskaplega falleg, og túristarnir sitja inni í bátnum með nefið ofan í símanum allan tímann. Við vorum þær einu sem stóðu úti á dekki. Allir aðrir sátu bara inni, nokkrir sváfu, aðrir léku með símann og litu ekki einu sinni út um gluggann.

Á Stonehenge í Englandi var túrista-flaumurinn enn verri. Fólkið stendur í biðröð klukkustundum saman, bara til að taka mynd framan við hnullunga með peace-merki eða bendafingri eða fólk hoppar þegar myndin tekst. Af hverju fer maður til útlanda eða til Íslands og er samt ekki á staðnum?

Peter:

Túristarnir vilja bara taka fallegar ljósmyndir fyrir Instagram og Facebook. Myndirnar eiga að sýna að þeir eru aleinir í ósnortinni náttúru en þeir vilja líka að alls staðar sé til eins skipulagsgerð eins og í borginni og auðvitað aðgangur að netinu hvar sem er.

Lise:

En Túristar eru ekki bara slæmir. Ég er ekki á móti að fólk fari í kringum heiminn. Það er mikilvægt fyrir ný hughrif og samskipti. Ferðafólk er líka spennandi fyrir heimamenn og kannski sérstaklega fyrir ungt fólk. Eitthvað nýtt og öðruvísi sem kemur inn og breytir umhverfinu. Bara það sama alltaf er leiðinlegt. En er það ein tegund fólks sem fer til Íslands? Það er á síðari árum orðið mjög vinsælt að fara til Íslands. En það er ekki ókeypis. Flóttafólk kemur ekki til Íslands. Bara millistétt, eða? Verður það ekki einsleit menning?

Peter:

Bara millistétt er ekki til, að minnsta kosti ekki til lengdar. Einhvern tíma verður til yfirstétt og lágstétt líka. Ísland er núna í tísku hjá túristunum en þegar það breytist eru allt í einu til margir atvinnuleysingjar.

Lise:

Já, kannski.

Peter:

En Lise hvar voru Íslendingarnir eiginlega þegar við vorum í Reykjavík?

Lise:

Ég fann þá að loksins. Þeir höfðu bara falið sig í byggingunum. Ég held, að húsin á Ísland sýni ekki innihaldið. Maður sér ekki utan frá það sem þær líta út fyrir að vera?. Maður gengur inn í leiðinlega byggingu án skiltis eða merkingar. Og, ta dah! Flott húsakynni og nóg af list og myndum. En ég veit núna hvar Íslendingarnir halda til. Ég hitti Íslendinga á listasýningu. Það var ókeypis bjór og fullt af fólki!